

3. fundur fræðslunefndar vegna Flúðaskóla árið 2011, haldinn 4. maí, kl. 13.00, í Flúðaskóla.

8. fundur kjörtímabilsins vegna Flúðaskóla.

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson, Gunnar Jóhannesson, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Jóhanna Lilja Arnardóttir aðstoðarskólastjóri, Steinunn Margrét Larsen fulltrúi kennara, Ingvar Hjálmarsson, Lára Bergljót Jónsdóttir, Skeiða- og Gnúpverjahrepp og Eva Marín Hlynisdóttir, fulltrúi úr skólaráði.

Dagskrá.

1. Skýrsla skólastjóra.
2. Skóladagatal fyrir skólaárið 2011-2012.
3. Rekstur. Staða og horfur.
4. Skólastefna - stefnumótun.
5. Önnur mál.

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna og þá sérstaklega nýjan fulltrúa úr skólaráði, Evu Marín Hlynisdóttur. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla skólastjóra.

Aðalfundur foreldrafélags Flúðaskóla var haldinn þriðjudagskvöldið 12. apríl sl.. Á aðalfundinum var kosin stjórn, það eru þau María Magnúsdóttir, Magnús Víðir Guðmundsson, Jóna Sif Leifsdóttir og Úlfhéðinn Sigurmundsson. Einnig var kosið í skólaráð og bauð Eva Marín Hlynisdóttir sig fram og var kosin. Fundurinn samþykkti að annar fulltrúi foreldra í skólaráð kæmi úr stjórn félagsins og er það Magnús Víðir Guðmundsson.

Árshátíð skólans var haldin 13. og 14. apríl. Nemendur á yngsta- og miðstigi sýndu Ávaxtakörfuna fyrir fullu húsi, við mikinn fögnuð áhorfenda. Þetta var frumraun okkar í því að vera með heildstætt stykki þar sem 90 nemendur tóku þátt í og í einu atriðinu voru þau öll á sviðinu í einu. Árshátíð á unglingastigi var með hefðbundnum hætti þar sem boðið var uppá hátíðakvöldverð og fjölbreytt skemmtiatriði. Báðar árshátíðir tókust mjög vel og eiga allir sem að henni koma þakkir skilið.

Héraðsmótið í skák var haldið á Selfossi 3. maí og fóru sex nemendur frá okkur á það. Tveir nemendur Flúðaskóla unnu sér þátttökurétt á Íslandsmótinu sem haldið verður á Akureyri núna um aðra helgi, það eru Filip Jan Jozefic og Halldór Fjalar Helgason báðir í 5. bekk.

Nú er farið að síga á seinni hlutann hjá okkur og margt framundan. Norrænn dagur verður 9. maí. Allan daginn munu nemendur í Flúðaskóla vinna að mismunandi verkefnum þar sem dregin verður upp tengingin á milli norrænu tungumálanna. Gestir koma í heimsókn, sveitungar eru hvattir til að koma í heimsókn og taka þátt í deginum með okkur. Búið er að senda út dreifbréf á öll heimili í sveitinni. Anna Ásmundsdóttir veitir deginum forstöðu.

Danir koma í heimsókn 9. - 13. maí þau gista í stofum í Félagsheimili og verða viðloðandi skólann 10. - 12. maí. Námsmatsdagar eru í lok maí samkvæmt skóladagatali.

Skógarvinna og sundmót verður 17. – 19. maí. Unnið verður að uppbyggingu á nytjagarði og grenndarskógi.

Við höfum fengið úthlutað 469 plöntum úr Yrkjusjóði og þeim verður plantað í maí, auk þess sem 7. bekkingar fara í útplöntun með skógræktinni.

10. bekkingar fara einnar náttu ferðalag 24. - 25. maí á höfuðborgarsvæðið. Aðrir fara í ferðalag samkvæmt hringekju sem unnið er eftir með smávægilegum frávikum.

Til stendur að fara í fjallgöngu með alla nemendur saman, ekki er búið að ákveða hvert verður farið.

Vordagur verður að venju síðasta skóladag hjá nemendum.

Skólaslit verða miðvikudaginn 1. júní kl 14:00 í Félagsheimili Hrunamanna.

2. Skóladagatal fyrir skólaárið 2011-2012.

Skólastjóri lagði fram til skóladagatal fyrir næsta skólaár. Dagatalið hefur verið samþykkt af kennurum og skólaráði. Réttir eru 16. september. Fræðslunefnd samþykkir dagatalið.

3. Rekstur. Staða og horfur.

Skólastjóri fór yfir rekstur skólans og dreifði til fundarmanna aðalbók fyrir skólann, dags. 3.mái 2011. Heildarreksturinn er á áætlun.

4. Skólastefna - stefnumótun.

Formaður fór yfir málið. Flúðaskóli er með skólastefnu sem aðgengileg er á heimasíðu skólans. Ljóst er að til þess að stefnan nýtist skólanum betur þarf að fara fram formleg stefnumótunarvinna fyrir skólann. Samþykkt að skólastjóri kanni málið frekar.

5. Önnur mál.

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 14.00